

Náttúruverndarstofnun

Sveitarfélagið Stykkishólmur / Stykkishólmsbær
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi

Garðabær, 5. febrúar 2025
202501-0157/A.B.
08.10

Efni: Umsögn - Veglagning - Berserkjahraun í Helgafellssveit - Stykkishólmsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólms er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um vegaf framkvæmd um Berserkjahraun í Helgafellssveit.

Í erindinu kemur fram að óskað er eftir umsögn vegna veglagningar í landi Berserkjahrauns í Helgafellssveit. Um er að ræða nýja vegtengingu við Helgafellssveitarveg nr. 577. Á 25. fundi skipulagsnefndar þann 20. nóvember 2024, var bókað eftirfarandi: *Skipulagsnefnd bendir á, ef fyrirhugað er að fara í nýja veglagningu og teningu við tengiveginn, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, skal sá sem óskar eftir framkvæmdaleyfi senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt nauðsynlegum gögnum um fyrirhugaða framkvæmd. Í 7. gr. sömu reglugerðar er tiltekið hvaða gögn þurfi að liggja fyrir, þ.m.t. afstöðumynd hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, hönnunargögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftir, lýsingu á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á. Á grunni framangreinds óskar skipulagsnefnd eftir þeim gögnum sem liggja þarf fyrir samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdarleyfi og í framhaldinu verði óskað umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðum áformum áður en endanleg afstaða nefndarinnar liggur fyrir.*

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem að veglagningin mun fara um óraskað land er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur